

Ed.

113. Nefndarálit

[23. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. des. 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja að ótímabært hafi verið að afnema gjald á ferðalög til útlanda eins og ástatt er í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Full heimild var til álagningar þessa gjalds a. m. k. til ársloka og ekkert rak á eftir því að gjaldið væri fellt niður á miðju ári þvert ofan í áætlun gildandi fjárlaga.

Í fjárlögum ársins var áætlað að innheimta gjaldsins á árinu 1983 næmi um 75 millj. kr. Miðað við breyttar gengisforsendur má telja víst að upphæðin hefði numið rúmlega 100 millj. kr. á árinu. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði s. l. nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því ætla að tekjutap vegna niðurfellingar gjaldsins nemi 40—50 millj. kr.

Við teljum að fyrr hefði átt að afnema ýmsa skatta sem leggjast með miklum þunga á láglaunafólk en að afnema gjald á ferðalög til útlanda. Auk þess skortir ríkissjóð fjármuni til að halda uppi ýmiss konar bráðnaðsynlegri þjónustu með eðlilegum hætti.

Við leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Magnús H. Magnússon.